

Minnisblað

Efni Gjaldskrá ferðapjónustu fatlaðs fólks

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar sem haldinn var 3. febrúar 2015 var samþykkt að lækka fargjald ferðapjónustu fatlaðs fólks úr kr. 340 í kr. 175 fyrir hverja ferð.

Gjaldið var í raun ákveðið sem hálft almennt fargjald samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. en án þess að bóka það sérstaklega.

Almennt gildir sú regla hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu að miða við hálft almennt fargjald Strætó bs. sem er nú kr. 210 fyrir hverja ferð. Sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

Lagt er til að bæjarráð Garðabæjar samþykki eftir farandi tillögu um gjaldskrá fyrir ferðapjónustu fatlaðs fólks.

„Gjald fyrir hverja ferð hjá ferðapjónustu fatlaðs fólks skal miðast við hálft almennt gjald hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.“

Varðandi rökstuðning vísast til samræmingar á gjaldtöku hjá sameiginlegri ferðapjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu. (Kópavogur undanskilinn)